


Traust, virðing, vinátta.

Skólanámskrá

Laugargerðisskóla

Grunn og leikskóladeild

Ábyrgðaraðili, Kristín Björk Guðmundsdóttir



2012-2016

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

- **Starfsemi Laugargerðisskóla frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.**

Um Laugargerðisskóla og staða í samfélaginu

Laugargerðisskóli er staðsettur við Kolviðarneslaug við ósa Haffjarðarar en heitt vatn á staðnum var ein af forsendum þess að byggður var skóli sem var stofnsettur árið 1965. Laugargerðisskóli er fámennur skóli í afar fallegu umhverfi þar sem landbúnaðarstörf eru aðalátvinna flestra foreldranna. Húsnæði skólans samanstendur af skólahúsi, íþróttahúsi og sundlaug. Reynt er að nota umhverfið og aðstæður þessar sem mest í þágu nemenda. Laugargerðisskóli er starfræktur fyrir börn úr Eyja-og Miklaholtshrepp og Kolbeinsstaðhrepp sem nú tilheyrir Borgarbyggð. Frá og með áramótum 2010 ber Eyja-og Miklaholtshreppur ábyrgð á rekstri Laugargerðisskóla en Borgarbyggð borgar fyrir nemendur úr Kolbeinsstaðahrepp sem sækja skóla hér. Allir nemendur skólans sem ekki eru í göngufæri eru með akstur til og frá heimili. Skólabyggingin var fyrrum heimavistarskóli og er notuð sem hótél á sumrin. Við skólann er leikskóladeild sem starfar 4 daga vikunnar, yngsta stig skólans starfar 4 daga vikunnar vegna fyrirkomulags á akstri. Við skólann er starfandi tónlistarskóli og þar fer fram bæði einstaklings- og hópkenntla. Nemendur fara úr tímum í öðrum greinum til að sækja kennslu. Einnig eru kennslustundir í tónmennt í leikskóla, yngsta- og miðstigi. Leikskóladeild er hluti af skólanum, 5 ára nemendur fá forskólakennslu, bæði bóklega kennslu og verklega.

- **Stefna skólans; gildi, uppeldis og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir**

Hlutverk Laugargerðisskóla.

Laugargerðisskóli starfar samkvæmt lögum um leik og grunnskóla.

„Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu.“

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. grein

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Lög um leikskóla nr.90/2008,2.grein

Stefna skólans

- ❖ Að starfa eftir lögum um grunnskóla og búa nemendum undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sbr. 2.gr.grunnskólalaga.
- ❖ Að veita nemendum haldgóða menntun, þroska sjálfstæða hugsun og vinnubrögð.
- ❖ Að öllum líði vel í Laugargerðisskóla
- ❖ Að taka mið af þörfum hvers og eins nemenda og aðstoða til aukins þroska á eigin forsendum.
- ❖ Einelti er ekki liðið í Laugargerðisskóla
- ❖ Að vinna í nánu samstarfi við foreldra og taka mið af umhverfi skólans.
- ❖ Nemendum skal tamin ábyrgð og virðing fyrir náttúru og menningu, sjálfum sér og öðrum.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Laugargerðisskóli tileinkar sér sömu framtíðarsýn og skólar í Borgarbyggð. Framtíðarsýn þeirra er: “ að skólar sveitarfélagsins skulu vera í fremstu röð hvað varðar menntun starfsmanna, gæði náms og aðstöðu nemenda og starfsmanna. Menntun og annað skólastarf í sveitarfélaginu öllu skal bera vott um metnað, vinnusemi og vellíðan í öruggu og heilbrigðu umhverfi.

Skólar sveitarfélagsins skulu vera í fararbroddi á landsvísu varðandi tengsl skóla og skólastiga innan sveitarfélagsins. Skólarnir skulu, hver á sinn hátt, vera í virkum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, atvinnulíf og menningu og þannig skapa sér sína eigin sérstöðu.“

- **Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár**

Markmið skólans

Höfuðmarkmið skólans er að vinna samkvæmt ofangreindum grunnskólalögum. Skólinn stuðlar að menntun og þroska hvers og eins. Það gerum við með því að skapa gott og uppbyggjandi lærdómssamfélag þar sem þörfum hvers og eins er mætt. Nemendum skulu veitt tækifæri til að afla sér menntunar og þroska og temja sér vinnubrögð sem stuðla að skrefum í þá átt. Þjálfar þarf hæfni hvers og eins til samstarfs við aðra og leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsum nemenda. Mikilvægt er að undirbúa nemendur vel undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi þar sem virða á réttindi allra.

Í nýrri Aðalnámskrá frá 2011 eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundavallar í aðalnámskrá grunnskólans. Þeir eru:

læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun

Í Laugargerðisskóla er leitast við að hafa grunnþættina að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Efnisval og inntak náms, kennslu, leiks og skólabragur mótast af þessum grunn þáttum.

Í Laugargerðisskóla starfa nemendur og starfsfólk undir einkunnarorðunum

Traust- virðing – vinátta

Menntun er máttur

Laugargerðisskóli leitast við að haga störfum sínum í fyllsta samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Stefnt er að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. **Mátturinn** felst í virkri þátttöku nemenda í lýðræðissamfélagi innan og utan skólans.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Markmiðið er að í Laugargerðisskóla líði öllum vel. Velferð nemenda og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi. Starfið miðar alltaf að því að góður starfsandi endurspeglis í skólastarfinu. Einkunnarorð skólans fléttast inn í allt skólastarf og unnið markvist með þau.

Traust, „Traust er frumskilyrði mannlegra samskipta, það heldur samfélagi manna saman. Traustið milli manna er huggunin sem tengir þá saman og um leið og það dvín hallar undan fæti.“ Gagnkvæmt traust skiptir sköpum en ekki er sjálfstraust minna virði. Í því felst trú á sjálfum sér og eigin verðleikum og af því hlýst öryggi í framkomu. Sá sem hefur ekki sjálfstraust kemst ekki þangað sem hann vill fara.“ Gunnar Hersveinn

Virðing, „Virðing felur í sér væntumþykju gagnvart öðrum og er svarið við fordómum. Hún felst í að heiðra sambandið milli sín og annarra og veita umhverfinu stöðu í hjarta sínu“.

„Bernskan er dýrmæt og viðkvæm og þarfnast gætni og virðingar. Barnið þarf föruneysi, ráð og leiðbeiningar til að geta metið aðstæður og tekið gifturíkar ákvarðanir“ Gunnar Hersveinn

Vinátta, „Vinátta er oftast lengi að verða til. Vinátta felst í því að gera eitthvað saman, vinna, skemmta sér og leysa vandamál. Það vekur vonir um framtíðina að gera eitthvað ánægjulegt saman og skapa góðar minningar. Vinátta er því lifandi samband sem þróast og styrkist með árunum og segja má að góðir vinir bæti hver annan.“ Gunnar Hersveinn

Stefna Laugargerðisskóla er að vinna markvisst sem heilsueflandi skóli þar eru eftirfarandi þættir eru skoðaðir og metnir reglulega, þeir varða:

- **Nemendur:** t.d virkt nemendalýðræði
- **Nærsamfélag:** t.d Frumkvæði að virku samstarfi við nærsamfélagið
- **Hreyfing/Öryggi:** t.d Dagleg hreyfing, við öruggar aðstæður, í öllu skólastarfi
- **Matarræði /Tannheilsa:** t.d Matur og drykkir í samræmi við ráðleggingar um næringu og tannheilsu
- **Heimili:** t.d Góð tengsl og samvinna milli skóla og heimilis
- **Geðrækt:** t.d Jákvæður skólabragur og góð samskipti
- **Lífsleikni:** t.d Skýr stefna um heilsueflingu og forvarnir vegna áhættu hegðunar
- **Starfsfólk :** t.d velgengni og vellíðan starfsfólks í öndvegi

Okkar markmið er að:

- Nemendur hafi góða sjálfsmynd, sýni sjálfsaga og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Nemendur hafi góða almenna þekkingu
- Nemendur búi yfir færni til að nota þekkinguna

Við teljum að við náum þessu með því að:

- Hafa trú á nemendum

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

- Virða alla starfsmenn og nemendur
- Viðurkenna og gera mikið úr árangri á öllum sviðum
- Leyfa mistök, nota þau til að læra af
- Vinna saman og sýna gagnkvæma þolinmæði og skilning
- Sýna umburðarlyndi og umhyggju
- Trúa á gildi menntunar

Í vinnu okkar með nemendum viljum við:

- Virða jafna stöðu allra
- Þroska með nemendum sjálfstraust og sjálfsvirðingu
- Sýna metnað í allri vinnu
- Koma á jákvæðum samskiptum við allar aðstæður
- Bera ábyrgð á nemendum og styðja við hlutverk foreldra

Í skólavinnunni viljum við:

- Koma til móts við þarfir hvers og eins
- Ýta undir að nemendur sýni metnað, sjálfstæði og samvinnu í námi
- Ávallt sýna miklar væntingar
- Gera alla stolta af eigin árangri og annarra
- Útskýra rök og markmið sem námið byggir á
- Undirbúa nemendur fyrir hlutverk sitt og möguleika í framtíðinni

Sólar

Sólar er umbunarkerfi sem á að hafa það markmið að umbuna nemendum fyrir jákvæða hegðun. Umbunin á hvetja nemendur til að iðka þær dygðir sem skólinn leggur áherslu á. Einkunnarorð skólans eru **traust**, **virðing**, **vinátta**. Þar sem skólinn okkar er fámennur söfnum við öll saman sólum.

Þegar við höfum fengið 20 sólar höldum við sólarstund Laugargerðisskóla

Fyrir hvað er hægt að fá sólar?

Fyrir vel unnin störf

Fyrir að halda bekkjarreglur og skólareglur

Fyrir að nýta tímann vel og koma sér strax að verki

Fyrir það að virða rétt annarra og halda vinnufrið

Fyrir góða umgengni í röð við matsal og í matsal

Fyrir góða umgengni í forstofu

Skólaárið 2015 -2016 er markvisst byrjað að vinna með jákvæðan aga þar sem kennarar og nemendur vinna eftir handbókinni, *Jákvæður agi*, (Íslensk þýðing Aníta Jónsdóttir, Ágúst Jakobsson, Inga Huld Pálsdóttir)

Til hvers eru grunnþættir ?

„ *Grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það“.* Aðalnámskrá grunnskóla bls. 14

Grunnþættirnir sex eiga að endurspeglast í öllu skólastarfinu. Í Laugargerðisskóla er unnið með hefðbundnar námsgreinar samkvæmt viðmiðunarstundarskrá. Námskrár einstakra greina og námsmat eru settar inn á mentor. Vegna fámennis skólans er samkensla á öllum skólastigum. Grunnþættirnir sex fléttast mikið inn í vinnu sem er tengjast hefðum í Laugargerðisskóla

- **Útfærsla Laugargerðisskóla á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga**

Sjálfbærni / Útikensla

Vor og haust læra nemendur úti, gróðursetja tré á vorin og annast um gróður og tré. Kolviðarnesvötnin, Núpá og Haffjarðará eru í nágrenni skólans og náttúrfræðikenslan færir stundum þangað. Á góðum dögum færa allir kennarar kennsluna út. Nemendur taka einnig þátt í viðhaldi s.s bera á fúavörn, hreinsa beð og umhverfi skólans. Sjálfbærni er ein grunnstoðin í námskránni. „ Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags samfélags og velferðar. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tökum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.“ Á haustin fara nemendur í berjamó, og búa til eitthvað gott úr þeim í heimilisfræði. Sláturdagur er á haustin þar sem allir nemendur skólans fá að kynna sláturgerð, slátrið er síðan notað í matinn í mótuneytinu. Á hverju vori fer leikskóladeildin og heimsækir bóndabæ, yngsta deild í fjöruferð en aðrar deildir fara misjafnt eftir viðfangsefnum.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Sjálfbærni er fléttað inn í nám í samfélagsfræði og náttúrufræði, einnig er unnið eftir stefnu grænánaskóla en Laugargerðisskóli hefur veitt grænánanum viðtöku þrisvar sinnum. Með kennslunni er markmiðið að nemendur geri sér grein fyrir að : sjálfbær þróun er samþætt úr umhverfismálum, efnahagsmálum og samfélagsmálum, er lífsnauðsynleg til áframhaldandi og mannsæmandi mannlífs á jörðu.

Laugargerðisskóli er í Eyja og Miklaholtshrepp sem er eitt af 5 sveitarfélögum sem hefur fengið umhverfisvottun Earth Check (þá Green Globe) samtakanna fyrir umhverfismeðvitað samfélag sem vinnur að lausnum í átt til sjálfbærari starfshátta. 8 júní 2008 fengu sveitarfélögin á Snæfellsnesi þessa umhverfisvottun þau fyrstu í Evrópu. Vottunin var endurnýjuð í febrúar 2012

Umhverfissáttmáli Laugargerðisskóla er eftirfarandi.

Laugargerðisskóli er staðsettur í fallegu umhverfi og við viljum nýta það sem best til kennslu og einnig viljum við kynna nágreppi okkar með lengri eða skemmri vettvangsferðum.

Laugargerðisskóli stefnir að því að bæta umhverfi skólans og gera nemendur og aðra meðvitaðri um umhverfismál, mengun og nýtingu orku og vatns.

Við vinnum á lýðræðislegan hátt að því að ná markmiðum okkar í umhverfismálum.

Árlega vinna allir nemendur skólans að ákveðnu verkefni sem tengist vistvernd eða fræðslu um hana.

Hluti af umhverfisstefnunni er að endurnýta pappír Allur pappír sem til fellur er hirtur og annað hvort sendur í endurvinnslu eða [endurunnin](#) og ýmsir munir búnir til úr honum.

Sorp s.s pappi, málmur, plast, og ónýt tæki er flokkað samkvæmt leiðbeiningum frá [Sorpu](#) og merktar tunnur eru á skólalóðinni til að flokka í.

Nemendur gera úttekt á umhverfismálum í skólanum reglulega með aðstoð [gátlista](#) og kynna niðurstöður fyrir nemendum og starfsfólki skólans.

Matarleifar frá mótuneyti eru nýttar í dýrafóður, eða fara í gegnum sorpkvörn.

Reynt er að minnka orkunotkun í skólanum. Það er gert með því að hafa ábendingu við slökkvara í skólastofum þar sem fólk er minnt á að slökkva ljósið.

Tölvur skólans eru stilltar þannig að þær fara í hvíld eftir 15 mínútur ef þær eru ekki notaðar. Internetsamband slitnar líka eftir 3 mín. ef ekki er unnið á netinu.

Nemendur upplýsa heimili og aðra áhugasama um vistvernd almennt og stöðu umhverfismála í skólanum. Það gera þeir í skólablaðinu [Jökli](#) sem kemur út einu sinni á ári og er dreift um dreifbýli Vesturlands. Einnig má lesa um stöðu umhverfismála á heimasíðu skólans.

Umhverfissáttmálinn er á heimasíðu skólans og hafa undirstrikuð orð tengingu inn á önnur vefsvæði.

Heimavordagar og grill.

Samstarf er milli foreldra og Laugargerðisskóla um að nemendur vinni tvo til þrjá daga heima við ýmis störf sem tengjast vorinu. Sjálfbærni er ein grunnstoð menntunar, í verklegri vinnu í samstarfi við foreldra læra nemendur um lífið og tilveruna. Nemendur fara heim með verkefnablöð, skoða veðurfar og vinna og skrá dagbók um störf. Nemendur hafa tækifæri til að velja sér einn dag annars staðar en heima til að kynna fjölbreyttum störfum. Störf sem þau vinna við eru t.d. sauðburður, mjaltir og vinna í fjósi, vinna á garðyrkjustöð, vinna við þjálfun hesta, ýmis heimilisstörf o.fl. sem er skipulagt í samræmi við áhugasvið nemenda. Eftir þessa heimadaga er komið aftur í skólann og unnið úr verkefnum, dagbækur fínþússaður og gerð línurit. Um hádegi **grillar foreldrafélagið** og allir hafa það gaman saman. Foreldrar hvattir til að koma í grillið.

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman rannsaka og draga ályktanir. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu.

Sjálfbærni

Í átt til sjálfbærni

Sjálfbærni er til hagsbóta fyrir **1) náttúru og umhverfi, 2) fólk og samfélag og 3) eykur á jafnræði og hagsæld.**

Dæmi um það sem gert er í Laugargerðisskóla er að

- Nemendur læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt, s.s
- Haustdagar, útikennsla.
- Þemavinna, ýmis verkefni
- Umhverfis dagar
- Vordagar í skóla
- Heimavordagar,
- Vinna í anda grænánaskóla
- Námsgreinar sem tengjast sjálfbærni

Eru eftirfarandi: náttúrfræði, heimilisfræði, samfélagsfræði

Læsi

Læsi hefur verið tengd kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur(ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Það hefur snúist um eitt kerfi tákna prentmálið, og þá menningu og tjáningarform sem tengdust því.

Kunnáttumenn hafa bent á að læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Læsi er háð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t. d. bókar.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Í Laugargerðisskóla er hugsað um læsi í víðum skilningi til að ná góðum námsárangri nemenda, stefnt að því að námið sé sem fjölbreyttast. Námið miðast við mismunandi miðla s.s myndmiðla, hljóðmiðla, prentmiðla og netmiðla.

Læsi og samskipti í leikskóladeild

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskólanum ber að skapa aðstæður til :

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- Þróa læsi í víðum skilningi,
- Öðlast skilning á ritað mál og tákni hafi merkingu,
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sína
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Byrjendalæsi er mikilvægur grunnþáttur í allri skólagöngunni. Byrjað er að kenna lestur markvist frá 5 ára í leikskóladeild. Lestur er ein flóknasta, hugræna aðgerð sem börn þurfa að ná tökum á í lífinu. Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur færni sem börn þurfa að læra og þjálf. Laugargerðisskóli tekur þátt í þróunarverkefninu byrjendalæsi. Þá er kennt og unnið með lestur, ritun, hlustun á heildstæðan hátt. Viðfangsefnið, bækurnar eru merkingarbærar. Markviss kennsla aðferða sem eru gagnlegar við nám, efla skilning og orðaforða. Leitast er við að efla sjálfstæði nemenda og hæfni þeirra til samvinnu.

Undirstöðupættir sem stuðla að góðri lestrarfærni er

1. Góð hljóðavitund
2. Góður málskilningur.
3. Góð lesfimi

Fylgst er með þróun lestrar frá upphafi skólagöngunnar fram á unglíngastig með markvissu lestrarmati. Einstaklingsgreiningar eru gerðar ef grunur er um lestrarerfiðleika eða lesblindu/dyslexiu.

Læsi

Dæmi um það sem gert er í Laugargerðisskóla:

- Málþroskapróf 4-5 ára í leikskóla snemmtæk íhlutum ef með þarf
- Markviss málörvun, grunnþættir lestrar kennd í 0.bekk
- Leið til læsis, lesskimun í byrjun 1. bekkjar

- Byrjendalæsi, þróunarstarf, hlustun, lestur, ritun, lesskilningur
- Læsi könnunarpróf, einstaklings eftirfylgni með Hljóðfærni ef með þarf
- Eftirfylgni lestrarpróf leið til læsis 1.- 4. bekk
- Lesskilningspróf, Orðarún 4.b-10.b
- Einstaklingsnám, samvinnunám, leshringir
- Læsi á umhverfið, útikennsla, stjörnufræði
- Upplýsinga og tækni læsi. Vinna með mismunandi forrit og mismundandi miðla. Nemendur fá tíma í upplýsingamennt frá 4 ára aldri
- Framsögn og talað mál. Vinna við raunverulegar aðstæður. Þemadagar, tónlistardagar, litlu jól, upplestarkeppni, vinna við skólablað, vinna við útvarp Óðal, leikið leikrit á árs hátíð.

Jafnrétti

Jafnrétti er grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar og tryggt í 65.gr stjórnarskrárinnar en þar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Laugargerðisskóli starfar sem skóli án aðgreiningar- skóli margbreytileikans

Skóli margbreytileikans samkvæmt Booth og Ainscow (2002) leggur áherslu á að

- Börn, unglingar og starfsfólk séu öll í sömu metum og að virðing einkenni allt skólastarfið
- Auka þátt barna og unglunga í að móta námskrá, skólamenningu og skólasamfélag
- Skipuleggja upp á nýtt stefnu og starfshætti og móta menningu sem fagnar margbreytileika
- Draga úr hindrunum í námi og leik, ekki aðeins fyrir börn og unglunga sem glíma við skerta getu eða hafa sérstakar þarfir, heldur öll börn og ungmenni
- Læra af reynslu þeirra sem þurfa að yfirstíga hindranir hvað snertir aðgengi og þátttöku í skólastarfinu þannig að hægt sé að gera breytingar sem koma fleirum að gagni
- Líta á margbreytileika meðal barna og unglunga sem tækifæri fremur en vandamál sem þurfi að yfirstíga

Kynjajafnrétti

Í Laugargerðisskóla eru eru jafn margir kennarar karlar og konur sem er mjög jákvætt og eykur líkur á að nemendur upplifi til jafns kvenlæg og karllæg sjónarhorn.

Kynbundið ofbeldi

„Skortur á jafnvægi, virðingu, lýðræði, jafnrétti og félgaslegu réttlæti er undirrot ofbeldis í samfélögum“. Einkunnarorð skólans: traust, virðing, vinátta eiga sífellt að vera í heiðri höfð og tryggja jafnrétti í skólanum.

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kynferðis og leiðir til, eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáningu þolenda.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Mjög auðvelt er fyrir börn og unglinga að nálgast klám, það hefur aldrei verið jafn aðgengilegt og nú. Foreldrar og allir sem koma að uppeldi barna og unglinga þurfa að vera vakandi yfir þessu. Í þessu samhengi er ljóst að þörf er á fræðslu og umræðu í öllum skólum um samskipti kynjanna, náin sambönd, kynlíf, virðingu og klám.

Skólastjóri og náttúrufræðikennari hafa farið á námskeið um kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni. Skólinn var þátttakandi í átaki sem gert var í kynfræðslu um allt land þar sem fræðslumyndin „ fáðu já“ hefur verið sýnd í öllum grunnskólum fyrir elstu nemendurna. Þetta er hluti af vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

Skólahjúkrunarfræðingur er með reglulega fræðslu, bæði kynfræðslu og forvarnir, nemendur geta alltaf leitað til hans einu sinni í mánuði. Sálfræðingur er aðgengilegur u.þ.b. 1. sinni í mánuði og hefð fyrir því að nemendur panti sér sjálf viðtöl (með leyfi foreldra).

Fræðslumyndin, leyndarmálið er sýnd nemendum í 3. Bekk þar er nemendum kennt á varfærin hátt hvað þeim er heilagt.

Í Laugargerðisskóla var grunnþátturinn jafnrétti metinn og yfirfarinn veturinn 2013-2014.

Farið er yfir gátlista í handbók um jafnrétti bls. 62-63.

Niðurstöður vinnunnar koma fram í sjálfsmatskýrslu.

Jafnrétti

Dæmi um það sem gert er í Laugargerðisskóla.:

- Lífsleikni , vinir Zippy
- Annað námsefni
- Jafnréttisáætlun á heimasíðu skólans
- Þemavinna hluti af skólastarfi, leikir sem þarf að treysta(bls 51-54, jafnrétti)
- Áhugasviðstímar
- Margbreytni, nemendur af 5 mismunandi þjóernum

Lýðræði og mannréttindi

Framtíð lýðræðis felst í hæfileikum barna og möguleikum þeirra til þroska. Uppeldi til lýðræðis felst í því að barn sé og verði virkur þátttakandi í samfélagi. Barnasáttmálann má nálgast á vefsíðunni www.barnasáttmáli.is

Lýðræðislegt skólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum

Dæmi um það sem gert er í Laugargerðisskóla.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

- Nemendur, foreldrar, starfsfólk eru samstarfsaðilar
- Skólinn byggir stefnu sína á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum.
- Í skólanum eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í skólanum á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingabæra reynslu.

Heilbrigði og velferð

Daglegt skólastarf á að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Í leikskóladeild er lögð áhersla á

- umhyggju
- persónulega umhirðu,
- holla næringu,
- fjölbreytta hreyfingu,
- ögrandi og krefjandi útivist.
- Slökun og hvíld,
- Tilfinningalegt jafnvægi
- Jákvæð samskipti,
- félagsleg tengsl

Í grunnskóladeild er leitast við að:

- Veita nemendum heilsusamlegt umhverfi, hvort sem horft er til líkamlegra, andlegra eða félagslegra þátta.
- Vinna með foreldrum og nærsamfélaginu.
- Tryggja jafnan aðgang að fjölbreyttu námi.
- Vera jarðvegur virkni, samvinnu og þróun.
- Tryggja að skólanámskráin taki mið af þörfum nemenda.

Í Laugargerðisskóla var grunnþátturinn heilbrigði og velferð metinn og yfirfarinn með gæðagreinum haust -2014. Dæmi um það sem gert er:

- Íþróttir og fjölbreytt starf fyrir leikskólabörn
- Fleiri tímar í íþróttum en í viðmiðunar stundaskrá í grunnskóladeild
- Mötuneyti með hollum og góðum mat fyrir nemendur og starfsfólk
- Heimilisfræði, nemendum kennt samspil næringar og heilsu
- Útivist og hreyfing fléttuð inn í skólatímamann
- Nemendur koma sjálfir og panta sér viðtöl ef þeim finnst þeir þurfa að tala við sálfræðing, sálfræðingur kemur reglulega í skólann.
- Skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega í skólann með fræðslu og eftirlit.
- Líðan könnun er lögð árlega fyrir nemendur til að fylgjast með líðan þeirra
- Nemendur eru þátttakendur í að skipuleggja nám sitt, leik og félagsstörf
- Þróunarstarf þar sem leikurinn er skipulagður með þátttöku nemenda. Verkefnið Vinaliðar.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

- **Jávæður agi**, nemendafundir sem stefna að því að:

Við veitum hvatningu og þakklæti.

Við styrkjum börnin í að hjálpa hvort öðru.

Við leysum vandamál sem hafa áhrif á hópinn

Við gerum áætlanir fram í tímann.

Sköpun

Skapandi starf á að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun njóta sín.

Dæmi um það sem gert er í Laugargerðisskóla

- Gefið tækifæri til að skapandi starf geti farið fram í öllum námsgreinum
- Fastir tíma í myndmennt, textil, smíði og tónmennt
- Vinna við raunverulegar aðstæður. Þemadagar, tónlistardagar, litlu jól, upplestarkeppni, vinna við skólablað, vinna við útlarp Óðal, árshátíð.
- Heimilisfræði, bakstur skreytingar
- Vinna á spjaldtölvu, eða í upplýsinga og tæknimennt, tónlist, kvikmyndun, ljósmyndun
- Ýmis verkefni tengd öllum námsgreinum
- Dansnámskeið, danssýning
- Tónlistarskóli
- Verk nemenda til sýnis í skólanum
- Gluggaskreytingar í desember, póstpokar, föndur og jólakortagerð

- **Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.**

Markmið skólans er að efla samvinnu starfsamanna skólans og foreldra til þess að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila. Stefnt er að því að foreldrar séu sem best meðvitaðir um það sem er að gerast í skólanum t.d með því að halda úti öflugir heimasíðu, senda mánaðarlega út bréf um það sem er á döfinni. Foreldrar taka allir þátt í félagsstarfi nemendanna og er það skipulagt af stjórn foreldrafélagsins og sett inn á skóladagatal frá hvað bæjum foreldrar koma á langa daga þar sem þeir sjá um gæslu á móti kennara sem sér um félagsstörf. Einnig sjá foreldrar um íþróttæfingar í íþróttahúsi eftir skóla einu sinni í mánuði.

Skólaárið skiptist í þrjár annir og eru foreldraviðtöl í lok þeirra tveggja. **Námsefniskynningar** eru haldnar í byrjun september ár hvert.

Foreldrafélagið sér einnig um fasta viðburði fyrir nemendur, s.s **leikhúsferð, jólaföndur** og **páskabingó**, og sameiginlegt **grill** á vordögum. Þessir dagar eru settir inn á skóladagatalið.

- **Tengsl Laugargerðisskóla við nærsamfélagið, hvernig það er nýtt til náms og þroska.**

Hefðir í Laugargerðisskóla.

Markmið hefðanna í skólanum er m.a. að skapa skólanum sérstöðu, viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu fyrir hvert öðru. Samfélagið allt, fyrirtæki í sveitinni sýna skólastarfinu velvilja og styðja við viðburði sem skólinn stendur fyrir. Þetta þýðir að þátttaka er mjög góð í öllum viðburðum skólans.

Pemavinna er fastur liður í skólastarfinu þá blandast allur skólinn og unnið er með alla grunnþættina. Löng hefð er fyrir því að nemendur gefa út veglegt skólablað, **Jökul** í þeirri vinnu reynir einnig á alla grunnþættina. Í skólanum er lögð rík áhersla á **sköpunargleðina**, nemendur verðlaunaðir fyrir vandvirkni í myndsköpun í jólaundirbúningi og skreytingum.

Tónlistin fléttast inn í allt skólastarfið, tónlistarskólinn er hluti af skólastarfinu og fléttast inn í kennsluna tvo daga í viku. Tveir tónlistardagar eru á ári, þar koma fram allar deildir skólans leikskóladeild- unglíngastig. Nemendur flytja verk ein eða í hóp fyrir foreldra og gesti.

Danskensla

Danskensla er kennd á námskeiði sem er haldið einu sinni á vetri. Allir nemendur fá kennslu, leikskóladeild, yngsta stig, miðstig og elsta stig. Námskeiðið endar á sýningu fyrir foreldra.

Árshátíð er haldin einu sinni á ári. Leikverk er sett upp einu sinni á ári þar sem allir nemendur grunnskólans koma á svið. 7. bekkur tekur árlega þátt í upplestarkeppni sem er haldin í samstarfi við samstarfsskóla á Vesturlandi. Þetta stuðlar að gleði í skólastarfinu, traust, virðing, vinátta fléttast inn í vinnuna í skapandi starfi. Jafnrétti og lýðræði er haft í fyrirrúmi. Tjáning, framsögn og framkoma eykur sjálfstraust og styrkir sjálfmynd nemenda.

Langir dagar eru skipulagðir í samstarfi við foreldrafélagið, þeir eru haldnir einu sinni í mánuði. Nemendaráð sér um að skipuleggja dagskrána sem er frá kl 15:30 – 21:00. Á löngum dögum fer fram fjölbreytt starf, s.s íþróttir, leikir, spil og dans. Nemendur sjá sjálf um hressingu og léttan kvöldverð og skipuleggja þema dagsins. Einn kennari er þeim til aðstoðar og tveir foreldrar koma og skipta með sér eftirmiðdeginu á gæslu með kennara.

Íþróttir /hreyfing er hjá öllum nemendum skólans. Leiksskóladeild hefur daglega útivist og fær að auki tvo íþróttatíma hjá íþróttakennara. Þar sem skóladagurinn er langur í fjóra daga hjá yngsta stigi eru allir dagar brotnir upp með íþróttum eða hreyfingu/ sundi. Mið og elsta stig fær íþróttir eða sund alla daga nema föstudaga sem eru einungis kenndir til hádegis.

Grímuball

Grímuball er haldið í skólanum eftir hádegi á öskudag. Allir eru grímuklæddir og koma saman og slá köttinn úr tunnunni. Marserað og dansað. Foreldrar eru hvattir til að koma og vera með okkur þessa stund.

Föst tengsl eru skipulögð við nærliggjandi sveitarfélög

Fastir samstarfsfundir eru hjá skólastjórum eftirfarandi skóla. Laugargerðisskóla, Grunnskóla Borgarfjarðar, Grunnskóla Borgarness, Heiðarskóla Hvalfjarðarsveit, Auðarskóla og Reykhólaskóla. Grunnskólinn Hólmavík er ný kominn í samstarf. Skólaþjónusta Snæfellinga sér um sérfræðiþjónustu og sjá einnig um námskeið sem starfsmenn Laugargerðisskóla fara á.

Snæfellsbær, langir dagar nemendur frá Lýsuhólsskóla koma hingað og nemendur Laugargerði fara á Lýsuhól 2-4 sinnum skipulagt í samstarfi við foreldrafélögin.

Borgarbyggð, Nemendur 8-10. bekkjar fara tvisvar sinnum tvo daga á hverju skólaári í smiðjur með Grunnskóla Borgarfjarðar. Þar velja nemendur sér verklegt nám. Einnig var farið með Grunnskóla Borgarfjarðar í skíðaferð veturinn 2015. Sameiginleg böll fyrir nemendur samstarfskólanna eru t.d æskulýðsball, Jólaball, vörball. Fast samstarf er við félagsmiðstöðina Óðal í Borgarnesi s.s. diskótek og útvarp Óðal, samfés o.fl. Í vinaliðastarfi eru samstarfsskólar Grunnskóli Borgarness og **Auðarskóli Dalabyggð**.

- **Námsmat Laugargerðisskóla og vitnisburðarkerfi**

Grunnþættir í menntun er rauður þráður gegnum allt námið. Þekking, leikni, hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá leik og grunnskóla.

Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni, hæfni, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla bls. 39
Þekking:

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum eigin athafnir. Þekking er greind með því að ræða, flokka eða bera saman. Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega

Leikni:

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklegi og rökréttri hugsun.

Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi. Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla

Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningaforma.

Hæfni:

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.

Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegir ígrundun.

Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

Námsmat í Laugargerðisskóla hefur verið í stöðugri þróun síðan 2010, byrjað var að þróa námsmat í tengslum við vinnu í þróunarstarfi Borgarfjarðarbrúar. Í innra mati var gerð þróunaráætlun skólaárið 2011-2012. Meginmarkmið var: Að námsmat sé marktæk leiðsögn í þágu nemenda. Hvað þarf að gera?

Samkvæmt lista unnið eftir þróunaráætlun:

Samtöl við nemendur:

Ræða við nemendur við árangur þeirra í námi og í framhaldi af því námsaðferðir, námsmarkmið og hugsanleg viðfangsefni í námi. Áhersla skal lögð á ábyrgð nemandans.

Festa tíma á kennsluáætlunum, skipuleggja samvinnu milli stiga, þannig að skapist rúm og tími til einstaklingsviðtala.

Nýta upplýsingar sem við fáum úr námsmati á markvissari hátt í þeim tilgangi að bæta kennslu.

Jafningjamat

Námsmat og vitnisburðarkerfi skólaárið 2013-2014.

Símat er allan veturinn, formleg viðtöl sem byggjast á frammistöðumati gert í mentor, þar sem nemendur 5.-10. bekk meta sig líka eftir haustönn og miðönn. Nemendur 1.-4. bekk fá einnig frammistöðumat í mentor. Nemendur fá leiðsögn eftir matið. Nemendur fá einkunnarblað í lok vorannar þar sem notaðar eru tölur 5.-10. bekk og orð í 1.-4. bekk. Námsáætlanir eru á mentor þær meta bæði nemendur og kennarar 5.-10. bekk.

Íslenska - 8.9.10. bekkur. Unnið er í lotum, í lok hvernar lotu er stutt könnun, nemendur fá svo einkunn sem er 50% vinna 50% próf. Að vori er lokaeinkunn byggð á þessum lotueinkunnum og vorprófum.

6.-7. bekkur. Símat á vinnu í tímum, vorpróf

Stærðfræði - Námssefni hvers árs er skipt í 8-10 vörður. Próf og einstaklings viðtöl í lok hvernar vörðu. Lokaeinkunn að vori er meðaltal allra vörðuprófa ásamt vorprófi.

Símat á vinnu í tímum. Vorpróf.

Danska - 6.-7. og 8.-9.10. bekkur

Vinna vetrar metin, próf að vori og minni matsverkefni. Nemendur meta sína námsáætlun inn á mentor.

Enska - Símat á vinnu í tímum. Próf að vori hjá 5-10. bekk auk minni kannana á elsta stigi 8.-10. bekk. Námsáætlanir eru einnig metnar eftir haustönn og miðönn.

Upplýsinga og tæknimennt og allar verklegar greinar

Símat á vinnu í tímum, kennarar skrá hjá sér hvort nemendur geri sitt besta og séu virkir í tímum.

Nemendur safna sýnishornum af vinnu í möppur bæði í pappírsformi og rafrænu formi.

Íþróttir /sund

Í sundi eru ákveðin stig sem unnið er eftir á hverju ári. Ljúka þarf við ákveðin færnimarkmið og sundstigi er lokið eða ekki lokið. Í 10. bekk fær nemandi einnig einkunn í tölum.

Íþróttir eru skiptar í lotur þar sem unnið er með greinar innan íþróttanna, skipulag er uppsett á haustin. Nemendur fá skráð niður mat íþróttakennara eftir hverja lotu, sem byggist á að gera sitt

besta og virkni nemanda í tímum. Frammistöðumatið er gert í mentor á haustönn og miðönn, heildareinkunn gefin á vorin.

Námsmat á yngsta stigi

Símat á vinnu í tímum er allan veturinn

Vikuáætlun er send heim á fimmtudögum ásamt Vikumati: metin er ástundun, heimanám og samskipti nemenda. Nemendur meta einnig vikuna í heild hvernig hún gekk og meta hana í 10 stiga kvarða.

Foreldraviðtöl eru 2 á vetri og þá er leiðsagnarmat lagt fram, þar sem fram kemur hvernig ástundun, áhugi og staða innan hvers fags.

Lesskilnings og lestrarpróf eru þrisvar á vetri. Árangur nemenda metin í atkvæðafjölda og lesskilningur er metin samkvæmt Læsisprófi.

Mat á stærðfræði er í formi verkefnablaða sem lögð eru fram á vetrinum, próf er að vori í fjórða bekk. Munnlegar kannanir eru lagðar fyrir nemendur til þess að athuga hugtakaskilning og skilning nemenda á talnagildi, og nemendur beðnir um að sýna, skrifa og útskýra tölugildi.

Beðið er eftir nýju viðmiði frá Menntamálaráðuneytinu til að klára nýtt námsmat. Námsáætlanir og námsmat er unnið inn í mentor.

- **Innra mat á árangri og gæðum**

Sjálfsmat er ferli sem snýst um að skólinn afli upplýsinga um starfsemi sína, leggi mat á hana og íhugi í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Matið er innbyggt inn í daglegt starf og fyrst og fremst framkvæmt af starfsmönnum enda þekkja þeir skólastarfið best. Mikilvægt er að matið sé sameiginlegt framtak allra í skólanum því þá eru meiri líkur á því að starfsfólkið upplifi og viðurkenni gildi þess.

Matið gefur leiðbeiningar um hverju þarf að breyta og hvað þarf að bæta til þess að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Með sjálfsmati er unnt að greina styrkleika og veikleika skólans. Sú vitneskja nýtist til að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á umbótum.

Með sjálfsmati er leitað svara við spurningum eins og:

- Hvað einkennir góðan skóla?
- Hversu góð er mín eigin frammistaða og frammistaða skólans í heild?
- Hvernig er hægt að afla vitneskju um þetta?
- Hvernig er hægt að laga það sem þarfnast úrbóta?

Vorið 2009 var ákveðið að sjálfsmatið í Laugargerðisskóla byggðist á skoska sjálfsmatskerfinu **How Good Is Our School** sem ber heitið **Gæðagreinar** í íslenskri þýðingu skólaskrifstofu Skagfirðinga.

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi skólaskrifstofu Skagfirðinga hélt námskeið í Laugargerðisskóla í upphafi starfsins. Haustið 2010 var byrjað að vinna eftir kerfinu **Gæðagreinar 2**

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilkætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirkætti eða þemu.

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Fyrir þessa lykilkætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1-6, samkvæmt eftirfarandi skala:

Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að veða meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Í gæðagreina vinnunni fer fram fjölbætt söfnun upplýsinga úr skólastarfinu, m.a fylgst með árangri nemenda hér og í framhaldsskólum. Einnig eru reglulegir vinnufundir starfsfólks. Liður í upplýsingaöflun eru foreldrakannanir og könnun á líðan nemanda.

Skólinn setur sér áætlun um sjálfsmat og skilar árlega skýrslu til sveitarstjórnar, skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans.

- **Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun**

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á samstarfi milli leik og grunnskóla.

Í Laugargerðisskóla er leitast við að hafa samstarfið sem mest og samfellu á milli þessa skólastiga. Leikskóladeild er starfrækt við grunnskólann og hún hluti af skólanum. Leikskólabörnin nota sama mötuneyti og laust rými í skólanum utan leikskóladeildar eftir þörfum. Öll leikskólabörnin fá íþróttir og tónmennt einu sinni í viku. 5 ára börn koma í forskóla í til kennara 5-8 tíma á viku þ.e. 1 tíma í textil , 2 í íþróttir, 4 tíma í undirbúning fyrir lestrarnám. 1 tíma í tölvur. Forskólatímar verða fleiri eftir áramót. Námskrá fyrir leikskólann er send til foreldra leikskólabarna. Skólastjóri ber ábyrgð á skipulagi leikskóla og grunnskóla.

Tengsl við framhaldsskólann eru mest við menntaskólann í Borgafirði, þar var formlegt þróunarstarf í gangi sem hét Borgarfjarðarbrúin árin 2007-2010. Markmiðið með þeirri vinnu var samfella skólastiga frá grunnskóla í framhaldsskóla. Síðan þá hafa verið árlegir fundir skólastjórnenda til að ræða fagleg mál og möguleika á sameiginlegum námskeiðum. Námsráðgjafar koma frá Fjölbreyttarskólanum Akranesi og Menntaskólanum í Borgarnesi og kynna skólana á hverju vori. Nemendur í 10. bekk fara í heimsókn í skólana á vorin. Nemendur fá tækifæri til að fara í áhugasviðskannanir hjá námsráðgjafa menntaskólans.

Áætlun um móttöku nýrra nemenda er flokkuð undir liðin skjöl á heimasíðu.

Þróunar og nýbreytnistarf.

Þróun á kennsluháttum heldur áfram í þeim anda sem byrjað var með starfi í Borgarfjarðarbrúnni 2007. Mesta þróunin tengist nú upplýsinga og tæknimennt þar sem allir nemendur og kennarar hafa nú til umráða I-pad spjaldtölvur. Vinna á þær auka möguleika á fjölbreytni í allri vinnu.

Tveggja ára **þróunarstarfi í Byrjendalæsi** hefur nú verið lokið en vinnu haldið áfram í sama anda. Þróunarstarf sem tengist frímínútum er unnið undir handleiðslu Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Verkefnið heitir **Vinaliðar**, aðalmarkmið verkefnisins er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum. **Traust , virðing, vinátta** verður í heiðri höfð. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútum og skapa betri skólaanda. Umsjón með vinaliðaverkefninu hefur Kristín Björk Guðmundsdóttir,

Skólanámskrá Laugargerðisskóla

umsjónaraðilar og skipuleggjendur leikja eru Sigríður Jóna Sigurðardóttir og Áslaug Guðbrandsdóttir ásamt vinaliðum sem kosnir eru af nemendum.

Annað þróunarstarf tengist nýrri námskrá, haldið áfram með vinnu í lotum

á mið og unglíngastigi, þá er námsefninu skipt upp í minni einingar, oft lýkur lotu með könnun, munnlegri eða skriflegri. Kennari hittir nemendur einslega að lokinni lotu og fer með nemandanum yfir efni lotunnar og gefur einkunn/umsögn.

Nemendur hafa kost á að vinna að sínu áhugasviði tvo tíma á viku.

Þróunarstarf skólaárið 2014-2015. Laugargerðisskóli gerðist heilsueflandi grunnskóli haustið 2014 og vinnur nú samkvæmt þróunaráætlun heilsueflandi grunnskóla. Valdir þættir sem unnið er með eru: matarræði, starfsfólk og heimilið. Stýrihópur er starfandi sem hittist einu sinni í mánuði. Unnið er með gátlista og allt starfsfólk vinnur verkið og það tengist líka innra mati.

Þróunarstarf skólaárið 2015-2016.

Haldið er áfram í þróunarstarfi heilsueflandi grunnskóla, þátturinn geðrækt er tekinn fyrir þetta skólaárið. Í tengslum við það var haldið námskeið fyrir alla starfsmenn um jákvæðan aga ágúst 2015. Laugargerðisskóli tekur formlega upp agastefnuna Jákvæður agi. Aníta Jónsdóttir frá Naustaskóla heldur eitt heils dags námskeið fyrir allt starfsfólk og tvö fjöggra tíma námskeið fyrir kennara. Vinaliðavinna er einnig í framhaldsvinnu, nemendur og starfsfólk fara á tilheyrandi námskeið. Stýrihópur er starfandi sem hittist einu sinni í mánuði. Unnið er með gátlista og allt starfsfólk vinnur verkið og það tengist líka innra mati.

Námsskráin er sífelld í endurmati og endurskoðun

Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastóri